

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1088/2013 um reykköfun.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr reglugerðarinnar:

- a. Á eftir skilgreiningunni "*Heit æfing*" bætist við ný skilgreining, svohljóðandi: *Efna æfing*: Æfing í efnaköfun í umhverfi þar sem líkt er eftir raunverulegum aðstæðum.
- b. Í stað orðanna "í afmörkuðu rými" í skilgreiningu á "reykköfun" kemur: innan um þéttan reyk og í þeim tilgangi að bjarga lífum, sinna slökkvistarfi.
- c. Við skilgreiningu á "reykköfunartíma" bætist við ný málsgrein, svohljóðandi: Reykköfunartími skal að lágmarki vera þrjár klukkustundir á ári.
- d. Á eftir skilgreiningunni "*Reykköfunartími*" bætist við ný skilgreining, svohljóðandi: *Reykköfunaræfing*: Þjálfun sem getur falið í sér fræðslu, undirbúning, framkvæmd og frágang.
- e. Í stað orðanna "stjórnandi reykkafara" í samnefndri skilgreiningu, kemur, hvarvetna annars staðar í reglugerðinni, í viðeigandi beygingarmynd: stjórnandi reykköfunar.
- f. Í stað orðsins "Mannvirkjastofnun" í skilgreiningunni "*Þjónustuaðilar brunavarna*" kemur, hvarvetna annars staðar í reglugerðinni í viðeigandi beygingarmynd: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna "reglur nr. 501/1994" í 1. mgr. kemur: reglugerð nr. 728/2018.
- b. Í stað orðanna "reglna Vinnueftirlits ríkisins um þrýstibúnað, nr. 571/2000" í 5. mgr. kemur: reglugerðar nr. 1022/2017, um þrýstibúnað.

3. gr.

Á eftir orðinu "skal" í 3. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar kemur: sérstaklega merktur.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. reglugerðarinnar:

- a. 2. málslíður 5. mgr. ásamt stafliðum falla brott.
- b. Í stað orðanna "reglum Vinnueftirlits ríkisins um áfyllingastöðvar fyrir gashylki, nr. 140/1998" í 7. mgr. 9. gr. kemur: ákvæðum reglugerðar nr. 1022/2017, um þrýstibúnað.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi: Fjöldi verklegra æfinga í reykköfun hjá slökkviliðum skal vera að lágmarki sex á hverju ári. Fimm skulu vera reykköfunaræfingar, þar af ein heit æfing. Þá skal ein æfing að lágmarki vera efnaköfunaræfing. Reykköfunartími skal að lágmarki vera þrjár klukkustundir á ári, sbr. 6. mgr. 3. gr.
- b. Í stað 2. og 3. málsl. 3. mgr. koma tveir nýir málsl., svohljóðandi: Þeir skulu hafa a.m.k. þriggja ára starfsreynslu sem slökkviliðsmaður og vera með gild reykköfunarréttindi á þeim tíma. Í reykköfun og reykköfunaræfingum skal annar leiðbeinandinn hafa reykköfunarréttindi í gildi.
- c. Í stað orðanna "785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun" í 4. mgr. kemur: 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- d. Í lok 4. mgr. bætist við nýr málslíður, svohljóðandi: Á heitum æfingum skal leitast við að lágmarka mengunarhættu.
- e. Á eftir 4. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun getur gefið út leiðbeiningar um sérstakar mengunarvarnir sem miða að einstaklingum á eldstað.

6. gr.

Í stað 3. mgr. 17. gr. reglugerðarinnar kemur ný málsgrein, svohljóðandi: Stjórnandi reykköfunar skal hafa a.m.k. þriggja ára reynslu sem slökkviliðsmaður og vera með gild reykköfunarréttindi á þeim tíma.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. reglugerðarinnar:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Reykköfunarbók er ætlað að halda utan um þau skipti sem einstaklingur er útsettur fyrir mengun vegna reykköfunar ásamt æfingatíma vegna reykköfunar.
- b. Í stað staflíða a. til h. í 2. mgr. koma nýir staflíðir a. til e., svohljóðandi:
 - a. Dagsetningu og staðsetningu reykköfunar.
 - b. Tegund reykköfunar og hvort reykköfun sé vegna útkalls eða æfingar.
 - c. Upphafs loftmagn og loka loftmagn, sé því komið við.
 - d. Reykköfunartíma og fjölda skipta sem er reykkafað.
 - e. Athugasemdir vegna atvika við reykköfun og annað sem snertir öryggi og heilsu reykkafara, s.s. ef reykkafari verður útsettur fyrir mengun.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðsins "skyndihjálparbúnaður" í 2. málslíð 2. mgr. kemur: öryggisbúnaður.
- b. Í stað orðsins "öndunargríma" í 2. málslíð 2. mgr. kemur: viðbótarsúrefni.
- c. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi: Húsnaðis- og mannvirkjastofnun gefur út fyrirmynd að neyðaráætlun við reykköfun.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. kafla viðauka við reglugerðina:

- a. Í lok 2. mgr. i. hluta b-liðar bætist við ný málsgrein svohljóðandi: Undantekningar má gera að fengnu mati augnlæknis.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 17. og 39. gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir, öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 13. mars 2023.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.